

Samráðsáætlun

Samráð vegna vinnu starfshóps um skipulag leikskólastarfs í Kópavogi

Samráð við skipan starfshóps – val á fulltrúum

Starfshópur um skipulag og starfsumhverfi leikskóla í Kópavogi var skipaður af 13 fulltrúum, völdum af ólíkum hagsmunaaðilum. Við val á fulltrúum ólíkra hagsmunaaðila var lögð áhersla á að tryggja gagnsæi og samráð innan hvers hóps hagsmunaaðila.

3 Fulltrúar stéttarfélaga voru valdir innan félaga (Félaga leikskólakennara, Félag stjórnenda í leikskólum, Starfsmannafélag Kópavogs)

3 fulltrúar meiri- og minnihluta bæjarstjórnar Kópavogs kjörnir af bæjarstjórn

4 fulltrúar starfsfólks leikskóla voru valdir í rafrænni kosningu meðal leiðbeinenda (Sfk), leikskólakennara (Félagsmanna FL og BHM) og stjórnenda (FSL).

Öllum leiðbeinendum (Sfk), leikskólakennurum (FL og félagsmönnum í BHM), og leikskólastjórnendum (FSL), gafst kostur á að bjóða sig fram til setu í starfshópi. Þeir sem buðu sig fram sendu inn stutta lýsingu á bakgrunni og reynslu og ástæðu framboðs. Kosning fór svo fram rafrænt meðal hvers hóps (rafræn kosningagátt opin í heila viku). Samkvæmt skipun starfshóps voru valdir 2 fulltrúar stjórnenda, 1 fulltrúi leiðbeinenda og 1 fulltrúi leikskólakennara.

1 fulltrúi foreldra úr foreldraráðum leikskóla í Kópavogi var valinn með sama fyrirkomulagi og fulltrúar starfsfólks, þ.e. framboðskynningu og rafrænni kosning meðal fulltrúa í foreldraráðum allra leikskóla.

2 fulltrúar menntasviðs sjálfskipaðir skv. erindisbréfi.

Val fulltrúa í starfshóp og undirbúningur vinnunnar fór fram í janúar 2023 og fyrsti fundur starfshóps var haldinn þann 3. febrúar 2023. Alls voru haldnir **8 fundir í starfshópi** sem starfaði fram í byrjun júní 2023.

Þátttakendum í starfshópi gafst kostur á að setja málefni á dagskrá funda starfshóps, kynna áherslur viðkomandi hagaðilahóps, deila gögnum og upplýsingum og óska eftir gögnum, s.s. tengdum tölfræði.

Ítrekað var áréttað mikilvægi þess að þátttakendur héldu sínum hagaðilahópum upplýstum um gang vinnunnar milli funda.


Markmið, útfærsla og áætluð útkoma samráðs við hagsmunaaðila

Í upphafi vinnu starfshóps í febrúar var lögð áhersla á að hafa opið og gagnsætt samráð við helstu hagsmunaaðila til að ná fram sjónarmiðum sem flestra á meðan á vinnu hópsins stóð. Sett voru markmið um samráð við hagaðila.


Tilgangur/Markmið samráðs:	1. Að kortleggja stöðu leikskólamála í Kópavogi (fá fram helstu áskoranir í núverandi starfi) 2. Fá fram þarfir og væntingar ólíkra hagaðila innan leikskóla í Kópavogi varðandi skipulag og starfsumhverfi til framtíðar. 3. Vel skipulagt samráð við hagaðila eykur líkur á skilningi og sátt. 4. Markvisst samráð sem fellur vel að viðfangsefni dregur fram nýjar hugmyndir, tækifæri og lausnir.
Útfærsla samráðs	• Útfærsla samráðsins var ólíkt eftir því hvar í ferlinu það var viðhaft, við hverja samráð var haft og árangrinum sem það átti að skila? • Lykilspurningar voru skilgreindar fyrir hvern hagaðilahóp fyrir sig út frá því hvert markmiðið og áætluð útkoma var.
Áætluð útkoma:	• Greingargóðar upplýsingar um stöðu leikskólamála í Kópavogi, helstu áskoranir í núverandi starfi, tækifæri og leiðir til lausnar, þarfir og óskastöðu ólíkra hagaðila um framtíðarleikskóla í Kópavogi.

Við samráð við ólíka hagaðila var stuðst við [Handbók Sambands íslenskra sveitarfélaga um íbúasamráð og þátttöku íbúa frá 2017](#). Horft var í þessu samband til fimm þrepa samráðsstigans sem Sambandið hefur stuðst við í tengslum við íbúasamráð og samráð skilgreint á mismunandi þrep.

Samráðsstiginn



Loforð



Samráð við hagsmunaaðila á meðan á vinnu starfshóps stóð

Samráð var viðhaft á öllum stigum í vinnu starfshóps við skilgreinda hagsmunaaðilahópa sem allir áttu sæti í starfshópnum.

Upplýsingagjöf (fyrsta samráðsþrep)

- [Frétt](#) um vinnu starfshóps var birt á heimasíðu Kópavogsbæjar 8. febrúar 2023

Samráð við starfsfólk leikskóla (þriðja og fjórða samráðsþrep)

- Þrír fulltrúar starfsfólks voru valdir úr hverjum leikskóla í Kópavogi (21 leikskóli) til að taka þátt í samráði og kortlagningu á stöðu leikskólamála, einn stjórnandi, einn leikskólakennari og einn leiðbeinandi úr hverjum leikskóla. Þriggja klukkustunda vinnufundur með samráðshópi leikskóla var haldinn 8. febrúar 2023 sem rúmlega 60 þátttakendur sóttu. Þar var þátttakendum skipt upp í umræðuhópa til að draga fram áskoranir í starfi leikskóla og skrá tækifæri til lausnar. Unnið varð með þjóðfundarsniði á 10 borðum. Niðurstöður vinnufundar voru dregnar saman, deilt með þátttakendum og ræddar á næsta fundi starfshóps. Fjöl margar áherslur frá þessum fundi rötuðu inn í tillögur starfshóps.
- Á seinni fundi samráðshóps þann 26. maí (45 þátttakendur) voru drög að tillögum starfshóps rædd og þátttakendum gefinn kostur á að koma með ábendingar.

Foreldrar (þriðja og fjórða samráðsþrep)

- Samráð var haft við fulltrúa í foreldraráðum í öllum leikskólum á starfstímabili starfshóps. Fulltrúi í starfshópi var valinn úr hópi fulltrúa foreldraráða og hélt foreldraráðum upplýstum á meðan á vinnuferlinu stóð, s.s. í gegnum Facebook síðu foreldraráðanna.

- Haldinn var fundur með fulltrúum foreldra í foreldraráðum leikskóla 1. mars 2023. Efni fundar var kynning á stöðu leikskólamála í Kópavogi og var foreldrum skipt í umræðuhópa þar sem möguleg framtíðarsýn fyrir leikskóla í Kópavogi var rædd. Fundarboð voru send frá menntasviði á póstlista foreldraráða með góðum fyrirvara, efni funda kynnt, fundarboð ítrekuð og leikskólastjórar beðnir að fylgja fundarboðum eftir. Á fyrri fund mættu 24 foreldrar frá 11 af 21 leikskóla. Niðurstöður vinnufundar voru dregnar saman, deilt með þátttakendum og ræddar á næsta fundi starfshóps.
- Annar samráðsfundur var haldinn 24. maí þar sem farið var yfir tillögur starfshóps og þær ræddar. Þátttakendum var gefinn kostur á að koma með ábendingar. Á þann fund mættu 16 foreldrar frá 13 leikskólum.

Leikskólanefnd (þriðja og fjórða samráðsþrep)

- Fjórir fundir voru haldnir með leikskólanefnd, 16. febrúar, 13. apríl, 16. maí 2023 og 15. júní þar sem tillögur starfshóps voru lagðar fram.
- Fyrsti fundur með leikskólanefnd var 2 klst hugarflugsfundur um framtíðarsýn leikskóla í Kópavogi. Á þeim fundi mótaði leikskólanefnd tillögu að framtíðarsýn um leikskólastarf í Kópavogi sem var notuð áfram við vinnu starfshóps og á fundum með hagaðilum.
- Tveir fundir voru haldnir til kynningar á drögum að tillögum, á fyrri fundinum voru fyrstu tillögudrög kynnt og síðari fundi lokaútgáfa tillagna starfshóps ásamt nánari útfærslu. Ábendingar leikskólanefndar voru ræddar í framhaldi á fundum starfshóps.

Leikskólastjórar (þriðja og fjórða samráðsþrep)

- Samráð var haft við leikskólastjóra á öllum stigum í vinnu starfshóps. Tveir fulltrúar stjórnenda leikskóla sátu í starfshópi. Að auki sóttu 20 stjórnendur samráðsfund leikskólastarfsfólks 8. Febrúar.
- Þrír samráðsfundir voru haldnir með leikskólastjórum, 7. mars, 24. apríl og 16. maí 2023. Á fyrsta fundinum var farið yfir tillögur af fundi starfsfólks leikskóla 8. febrúar og samráðsfundi foreldra 1. mars, þær ræddar og þátttakendum gefinn kostur á að koma með ábendingar. Fjölmargar ábendingar komu fram á fundum með stjórnendum sem fóru áfram inn á fundi starfshóps.
- Á næstu tveimur fundum var farið yfir drög að tillögum starfshóps og ábendingum aflað um áherslur og orðalag, sem var í framhaldi komið á framfæri við starfshóp til upplýsinga um vinnu starfshóps og samráðs um tillögur hópsins.

Bæjarstjórn (fimmta samráðsþrep)

- Þrír vinnufundir haldnir með allir bæjarstjórn Kópavogs, 6. júní, 12. Júní og 20. júní (eftir að starfshópur samþykkti tillögur). Starfsfólk menntasviðs og formaður starfshóps kynntu og ræddu tillögur.
- Markmið vinnufunda bæjarstjórnar var að rýna tillögur starfshóps, og mögulegar útfærslur á hverri tillögu, s.s. í tengslum við gjaldskrárbreytingar og breytingar á afsláttarkerfi. Ábendingar sem komu fram á fyrstu tveimur fundum Bæjarstjórnar var komið á framfæri við starfshóp.

Samráð um meðferð og innleiðingu tillagna starfshóps

Starfshópur samþykkti tillögur sínar samhljóða á fundi 13. júní 2023. Tillögurnar voru lagðar fram hjá Leikskólanefnd 16. júní og verða lagðar í framhaldi fram í Bæjarráði og svo í Bæjarstjórn Kópavogs til umræðu og ákvörðunar um meðferð.

Áhersla er lögð á í samráðsferlinu að samráði ljúki ekki við samþykkt tillagana starfshóps. Mikilvægt er að hagsmunaaðilar séu upplýstir áfram um meðferð tillagna, s.s. ákvarðanir um breytingar sem teknar eru á grunni þeirra. Neðangreint eru tillögur um áframhaldandi samráð við helstu hagsmunaaðila.

1. Undirsíða á heimasíðu Kópavogsbæjar með upplýsingum um breytingar á gjaldskrár og afsláttum (fyrsta samráðsþrep)

- Sett verður upp sér „undirsíða“ á heimasíðu, sem er sérstaklega ætluð foreldrum barna í leikskólum í Kópavogi og starfsfólki, fyrir 1. júlí 2023.
- Markmið síðunnar er að tryggja að allar upplýsingar um breytingar í kjölfar samþykktar tillagna starfsfólks séu aðgengilegar foreldrum barna í leikskólum Kópavogs og starfsfólki. Á síðunni verða upplýsingar um samþykktir bæjarstjórnar m.t.t. tillagna starfshóps, nýjar gjaldskrár, breytingar á afsláttarkerfi og frekari upplýsingum sem koma foreldrum og starfsfólki til góða.

2. Póstur til foreldra leikskólabarna (fyrsta og annað samráðsþrep)

- Foreldrum verður sendur greinargóður upplýsingapóstur í gegnum Völu, leikskólakerfi, um fyrirhugaðar breytingar á skipulagi og starfsumhverfi leikskóla í framhaldi af samþykkt Bæjarstjórnar. Í póstinum verður foreldrum gerð grein fyrir tilgangi, markmiðum og ávinningi breytinga ásamt rökstuðningi. Foreldrar verða hvattir til að koma ábendingum á framfæri við leikskólastjórnendur og/eða senda þær á sérstakt netfang sem stofnað verður í þeim tilgangi. Auk þess verður foreldrum gerð grein fyrir fyrirhuguðu samráði og annarri upplýsingamiðlun sem framundan er, bæði á heimasíðu Kópavogsbæjar og upplýsingafundum með foreldrum í ágúst.

3. Upplýsingafundir með foreldrum barna í leikskólum (fyrsta samráðsþrep)

- Stuttir upplýsingafundir með foreldrum barna í hverjum leikskóla í Kópavogi seinni hluta ágústmánaðar (áður en breytingar taka gildi). Leikskólastjórar boða og stýra þessum fundum í samstarfi við menntasvið.
- Markmið funda er að deila með foreldrum upplýsingum um samþykktar breytingar á skipulagi og starfsumhverfi leikskóla sbr. samþykktir Bæjarstjórnar, s.s. gjaldskrárbreytingar. Á fundunum verður farið yfir í hverju breytingarnar felast, hverju er áætlað að þær skili, hvað þær þýða fyrir foreldra og börn og einstaka foreldrahópa og hvernig foreldrar geta nýtt sveigjanleika í skráningu á dvalartíma sem best.
- Fundir verða boðaðir í hverjum skóla fyrir sig, annað hvort að morgni (8.30-9 eða 16-16.30) í samráði leikskólastjóra og stjórnar foreldrafélags og foreldraráðs hvers leikskóla fyrir sig. Starfsfólk menntasviðs og/eða fulltrúar í starfshópi sitja fundi og kynna fyrirhugaðar breytingar.
- Í ágúst og september verða haldnir kynningarfundir fyrir nýja foreldra barna sem eru að hefja nám í leikskólum og á þeim fundum verða breytingarnar einnig kynntar.

3. Samráðsfundir með foreldraráðum leikskóla í Kópavogi (annað og þriðja samráðsþrep)

- Haldinn verður fundur með fulltrúum foreldraráða allra leikskóla í Kópavogi í byrjun september 2023. Markmið fundar er að fara yfir samþykktar breytingar Bæjarstjórnar á skipulagi og starfsumhverfi leikskóla og hvernig áhrif breytinga verða mæld. Menntasvið boðar til fundar.

- Haldinn verður fundur með stjórnnum foreldrafélaga og fulltrúum foreldraráða allra leikskóla í Kópavogi í lok nóvember eða byrjun desember þar sem farið verður yfir áhrif breytinga, niðurstaða rædd og mögulegar framhaldsaðgerðir.
- Foreldraráð eru ábyrg fyrir því að halda foreldrum í hverjum leikskóla upplýstum og gæta hagsmuna þeirra. Leitast verður við að fá ábendingar frá foreldraráðum á milli funda um áhrif og framkvæmd breytinga á foreldrahópinn þannig að hægt sé að taka tillit til þeirra við mat og endurskoðun aðgerða.
 - Niðurstöður samráðsfundar verða nýttar við mat og endurskoðun aðgerða.

4. Samráðsfundur með starfsfólki leikskóla (annað og þriðja samráðsþrep)

- Haldinn verður samráðsfundur með fulltrúum starfsfólks allra leikskóla (stjórnendur, leikskólakennarar, leiðbeinendur) í nóvember/desember. Markmið fundar er að eiga samráð um áhrif og framkvæmd breytingar, og tækifæri og leiðir til að laga misfellur ef þess er þörf.
- Niðurstöður samráðsfundar verða nýttar við mat og endurskoðun aðgerða.

5. Viðhorfskönnun meðal foreldra barna í leikskólum Kópavogs (annað samráðsþrep)

- Í febrúar/mars verður framkvæmd rafræn viðhorfskönnun meðal foreldra barna í leikskólum Kópavogs, samhliða foreldrakönnun Skólapúlsins, þar sem leitast verður við að afla upplýsinga um upplifun foreldra af samþykktum breytingum starfshóps og áhrifum þeirra á skipulag og starfsumhverfi leikskóla.

Áætluð tímalína samráðsferlis (febrúar 2023-mars 2024)

Áætluð tímalína samráðsferlis tekur mið af samráði sem var viðhaft á meðan á vinnu starfshóps stóð, frá febrúar og fram til 13. júní og tillögum sem fram koma í yfirlit, með fyrirvara um breytingar.

